

MÍÐGARÐUR



Félagsrit
Nýalssinna

Miðgarður!

Heimkynni þeirra er staddir eru miðsvegur milli góðs og ills.

Beggja vegna garðarins ráða ríkjum öflugar verur, öflugar í illu og öflugar í góðu. Bæði hinar illu og hinar góðu sækjast eftir að auka lið sitt í hinni miklu alheimsbaráttu, og liðsaukann er að fá úr Miðgarðinum.

Hvorum megin ætlar hann að verða!

Á því veltur allt.

Í Goðafræðinni er víða að finna hinar stórfurðulegustu frásagnir, sem eigi verða með skynsamlegu móti skýrðar öðru vísi en sem fregnir úr öðrum sólhverfum.

Þó að hinar ævintýralegu goðsögur séu fornar mjög og að sjálfsögðu meira og minna brenglaðar og langt frá því nákvæmlega réttar, þá er engu að síður í þeim að finna ótal margar líf- og heimsfræðilega rökréttar hugsanir, sem taka svo langt fram þeirri þekking, er ætla má að forfeður vorir hafi búið yfir um það leyti, er sögurnar voru skráðar, að það liggur beint við að ætla, að um aðsenda vitneskju sé að ræða.

En hvernig má slíkt verða?

Varla nokkur maður, sem af einhverri alvöru hefir kynnt sér miðla- og fjarhrifafyrirbæri, efast um að oft verða þau ekki skýrð öðruvísi en sem utanaðkomandi, aðsend, áhrif.

Og mjög er sennilegt að ófreskigáfa forfeðra vorra hafi verið á mun hærra stigi en nú gerist og má rökstyðja það m.a. með því, að slíkt hafi verið líffræðilega nauðsynlegt fyrir þessa sérstöku líftegund, ef hún átti að geta viðhaldið

MÍÐGARÐUR

FÉLAGSRIT NÝALSSINNA

Tímarit um heimsfræðileg efni

Útgefandi: Félag Nýalssinna — Umsjón: Kjartan Norðdahl

FORMÁLSORÐ

Riti þessu er teft hér fram, vegna þess að nokkrir menn hér á jörð hafa gert sér ljósa þá ábyrgð, sem fylgir því að hafa náð fram til hins nýalska skilnings á heimi og tilveru, skilnings á hlutverki mannkynsins í hinni miklu tilraun, og hversu afar tæpt stendur að hún takist.

Verkefnið, sem blasir við er svo risavaxið, að við liggur að manni fallist gjörsamlega hendur, en samt er engrar undankomu auðið og sá, sem skorast undan þeirri skyldu að takast á við verkefnið, hefur þá einu afsökun að þjást af ósigrandi hugleysi, líkt og ef maður, sem staddur væri í bráðri lífshættu, þyrði ekki að bjarga sér af ótta við þá áhættu, sem það kostaði.

Hér, og á öðrum vettvangi, verður því haldið áfram að reyna af fremsta megni að beina framvindunni inn á þá lífstefnubraut, sem frumherjinn Helgi Pjeturss kom fyrstur manna hér á jörð auga á, og sem hann síðan reyndi óaflátanlega að fá menn til að uppgötva með sér.

Sú orka, sem ein nægir til þess að aflraun þessi takist, verður aðeins sköpuð með mætti hugsunarinnar. En hve margra hugsunar þarf við, veit ég ekki.

Prentun: Prentsmiðja Árna Valdemarssonar hf.
Bókband: Bókbandsstofan Örkin hf.
Forsíðumynd: Þórdís Tryggvadóttir listmálari.

EFNISYFIRLIT.

Heimsmýndin	bls.	5
Trúarbrögð í ljósi Nýalsfræða	—	9
Var fyrsti geimfarinn kona?	—	19
Nýall, trú eða vísindi	—	25
Um þróun meðvitundarinnar	—	27
Giordano Bruno	—	31



Hvirfil-vetrarbrautin M-51 í stjörnumerkinu Veiðihundarnir. Hún er í um 37 milljón ljósára fjarlægð. Hún var fyrsta vetrarbrautin, sem menn hér á jörð uppgötvuðu að hefði þessa lögun. Nú vita vísindamenn að slík er lögun þeirra flestra. Talið er að vetrarbraut sú, sem vort eigið sólhverfi tilheyrir sé mjög lík þessari, séð utanfrá í hliðstæðri afstöðu. Sólin væri þá staðsett í útjaðri hvirfingarinnar, en í henni eru yfir hundrað þúsund milljón sólir.

Heimsmýndin

örstutt ágrip

Frá örófi alda hafa stjörnur himinsins verið oss jarðar-búum hin mesta ráðgáta, heillandi ráðgáta.

Hinir mestu spekingar á hverjum tíma hafa glímt við að ráða eðli þeirra og sumir þeirra komust að hinum furðuleg-ustu niðurstöðum, að dómi samtímamanna.

Pannig kenndi Pypagoras að jörðin væri hnöttótt en ekki flöt eins og allir héldu, og eins sagði hann að sálir dýranna væru komnar frá stjörnunum. Platon sagði að hinn hæsti höfuðsmiður himins og jarðar hefði skapað stjörnurnar og fengið guðunum þar bústað og það verkefni með að skapa þaðan mennina. Plótín kenndi að eftir dauðann færi sál mannsins til þeirrar stjörnu, er ríkti sama lögmál og sál hans hefði lotið hér á jörð. Aristarchos sagði að sólin væri stærri en jörðin, sólin væri í miðjunni og það væri jörðin sem snerist, bæði um sjálfa sig og umhverfis sólina. Brúnó sagði að fastastjörnur himinsins væru órafjarlægjar sólir og að um þær snerust jarðir byggðar mannkynjum, sumum æðri oss sjálfum og Helgi Pjeturss sagði „Það sem þúsundir milljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi er lífið á öðrum hnöttum....“

Vísindamenn 20. aldar virðast vera að komast að niðurstöðum, sem eigi eru alls ólíkar hugmyndum hinna liðnu spekinga. Pannig segja þeir, að heimkynni vor, sem fyrir ekki löngu voru talin vera í miðjum alheiminum, séu ekki annað en smástjarna, sem, ásamt einum níu öðrum reikistjörnum snúist umhverfis móðursól sína.

Þeir hafa áttað sig á því, að sól vor er afarvenjuleg stjarna í útjaðri Vetrarbrautarinnar, sem er sólnahvirfing svo stór, að innan marka sinna telur hún um hundrað þúsund milljónir sólna. Þeir hafa uppgötvað aðrar slíkar sólna-

hvirfingar eða vetrarbrautir svo milljónum skiptir og jafnvel þúsundum milljóna.

Það er sannarlega ómaksins vert að reyna til að hugleiða þessi firn. Og til að fá einhverja hugmynd um mikilleika heimsins, er gott að hafa til viðmiðunar ljósgeislann, en hann er svo fljótur í förum, að það tekur hann aðeins rúma sekúndu að berast frá tungli til jarðar og um átta mínútur frá sól til jarðar. En þó fljótur sé í förum, þá tekur það hann samt ár, hundruðir ára, þúsundir ára og þúsund milljónir ára að berast milli órafjarlæggra stjarna og vetrarbrauta.

Fjarlægustu stjörnur, sem menn kunna að greina í dag, eru í um 10.000 milljón ljósára fjarlægð, og reyni nú einhver að gera sér slíka fjarlægð í hugarlund.

Heimsmýndin, sem blasir við stjörnufræðingum og öðrum vísindamönnum nútímans, er því eitthvað á þessa leið:

Um geiminn, sem sennilega er óendanlega víður, hvarfa óteljandi sólar og sólnasveipir. Í kringum langflestar af þessum sólum snúast reikistjörnur í líkingu við reikistjörnur vors eigin sólhverfis.

Á ótölulegum fjölda hnatta vex fram líf á öllu hugsanlegu þroskastigi, og meiru þó. Þar eru verur, sem eru milljónum ára á undan oss í þróun, jafnt komnar í þróun og skemmra komnar.

Jarðneskir vísindamenn telja vafalaust, að vitsamband sé á milli sumra þessara hnatta og aðeins sé tímaspursmál, hvenær vér náum slíku sambandi. Það, sem vér ekki vitum mikið um ennþá, segja þeir, er á hvern hátt slíkt samband á sér stað, en gera þó ráð fyrir að það hljóti að vera á sviði hugarorkunnar, því að þótt radió-sendingar fari með ljóshraða, þá er það ekki nóg til að nokkurt verulegt gagn megi af því hafa, þegar miðað er við órávíðáttu geimsins. Hugsendingar virðast aftur á móti óháðar fjarlægð.

Og það er hér sem Nýall kemur til sögunnar.

Í þessu meistaraverki er í öllum aðalatriðum lögð fram þessi sama heimsmýnd, en þó með þeirri *viðbót* sem skiptir sköpum.

Með uppgötvuninni á eðli svefns og drauma opnast skiln-

ingur á lífsbandi alheims og það fer að renna upp fyrir oss, hver tilgangur lífsins muni vera. Þegar fram líða stundir, mun hverju mannsbarni finnast auðvelt að tileinka sér þann skilning. Hjer er þó ekki rúm til að gera neina ítarlega grein fyrir heimsfræði Nýals, en tvær tilvitnanir eru nauðsynlegar til að skýra heimsmynd nútímamannsins.

Um tilgang lífsins og heimsins segir í Nýal:

Fyrri tilvitnun.... „Lífið er stöðug leit eftir auknu sambandi til þess að geta stöðugt lífgað hið líflausa og náð því undir sín lög. Vjer getum skilið til hvers hin ósýnilega smáa lífögn fór hjer að vaxa og eflast fyrir milljónum alda. Tilgangurinn var sá að vaxa fram til ávallt fullkomnara sambands, til sambands við lífið í öllum heimi, uns allur heimur er orðinn að lífandi alfullkominni veru, orðinn guð.... En til þess að þetta geti orðið þarf auðvitað að verða samband á milli lífsins á hinum ýmsu stjörnum....“

Seinni tilvitnun.... „Maðurinn er sambandsvera, frumufjelag. Milljarðar af frumum eru þar tengdar og samstilltar, og má því sambandi og þeirri samstillingu eigi raska til muna, ef ekki á heilsa mannsins og líf að vera í voða. — Milljarðar af frumum hafa fyrir samband sín á milli orðið að líkama, sem er ótrúlega miklu merkilegri en eðli hverrar einstakrar frumu virðist gefa ástæðu til að ætla að orðið gæti. Og sambandsviðleitninni er haldið áfram á herra stigi. Eins og stefnt var til sambands milli þúsunda milljóna af frumum, þannig er stefnt til sambands milli þúsunda milljóna af frumufélögum. Og veran sem kemur fram, mun verða ótrúlega miklu merkilegri, en eðli hvers einstaks frumufélags, hvers einstaks manns virðist gefa ástæðu til að ætla að orðið gæti. Og það er stefnt til sambands milli alls hins óumræðilega fjölda af lífandi verum í óteljandi sólhverfum og vetrarbrautum. Og einstaklingseðlið mun ekki hverfa heldur fullkomnast fyrir sambandið....“

Sá, sem eigi getur hrifist af heimsmynd þeirri, er fyrrskráðar hugmyndir gefa svo glögglega í skyn, og þeim framtíðarmöguleikum sem blasa við hverjum einstaklingi hér á jörð sem öðrum, er vissulega fátækur í anda.

Kjartan N.

Trúarbrögð í ljósi Nýalsfræða

Þegar gera skal grein fyrir viðhorfi Nýalsmanna til trúarbragða, verður ekki hjá því komist að reyna að rekja að nokkru kenningar Nýals um lífið í alheimi, eðli þess og tilgang, og um lífsbandið milli hnattanna, því þar er að finna undirrót allra trúarkenninga. Verður það hér gert aðallega með því að birta nokkra stutta kafla úr ritsafninu Nýall.

Náttúruvísindin eru grundvöllur heimspekikenna Nýals. Helgi Pjeturss var jarðfræðingur og hafði, áður en hann sneri sér af fullum krafti að heimsfræðinni, aukið nokkuð við þekkingu manna á jarðsögunni, með mikilvægum uppgötvunum í þeirri grein. Hann segir svo um það í Framnýal, hversu jarðfræðin hafi verið honum góður undirbúningur í alheimslíffræði:

„Jarðfræðin mun, flestum eða öllum öðrum vísindum betur, vera til þess fallin, að búa manninn undir að átta sig á þessu mikla máli. Jarðfræðingurinn, sem veit, að lífið hefir háð baráttu sína hjer á jörðinni um miljónir alda, hefir sjerstaklega góðar ástæður til að skilja hversu hinn skapandi kraftur hefir hjer átt við mikla örðugleika að stríða. Tilgangurinn er auðsjáanlega sá, að skapa veru, sem á fullnægjandi hátt geti á þessum stað alheimsins, farið að taka þátt og eiga hlutdeild í sköpunarverkinu; veru, sem meir og meir verði guðum lík. En á öllum þessum miljónum alda, hefir þetta ekki tekist. Og það er eigi einungis svo, að öll náttúran einsog vjer þekkjum hana, er að meira eða minna leyti, vanskapnaður og misskapnaður, heldur er einmitt vitveran, maðurinn, sú veran sem átti að verða guði lík og samtaka, sá hluti sköpunarverksins sem síst hefir tekist. Jeg hefi

nefnt manninn dýrið ófarsæla, animal infelix, og er það síst ýkt. Saga lífsins hjer á jörðinni, frá hinum örmáa fyrstlingi til mannsins, er saga vaxandi þjáningar. Að vísu hafa ástæður mannanna mikið batnað, en þess nýtur aðeins við milli jeljanna. Jelin hafa orðið verri og verri, einsog glögt kemur í ljós ef vjer virðum fyrir oss sögu styrjaldanna.“

(Framnýall, bls. 37—38).

Hér lýsir H. P. hvernig hann komst að þeirri niðurstöðu, með því að kynna sér sögu mannkynsins og með eigin rannsóknnum, að líf þessarar jarðar væri á rangri leið og stefndi til glötunar, og mun mörgum þykja sú ályktun öllu sennilegri nú en þegar hún kom fyrst fram, fyrir 60 árum. En ekki lét hann þar við sitja, heldur beitti hann nú af öllu affli snilldarviti sínu og miklum lærdómi og — eins og hann segir sjálfur — með tilstyrk guðanna, að þeirri köllun sinni að vísa mannkyninu rétta leið frá helstefnu til lífstefnu. Og árangurinn af þeirri miklu þrekraun eru þau fræði sem kennd eru í Nýalsbókunum 6 og ýmsum öðrum ritum, innlendum og erlendum.

Það er undirstöðutriði Nýalsfræða að allt líf alheimsins sé sama eðlis: efnislegt líf í efnisheimi. Alveg á sama hátt og lífið hér á jörðu er efnistengt og með öllu óhugsandi á annan veg, eins er því farið á öllum öðrum lífstöðvum. Lifað er á óteljandi hnöttum himingeimsins. Þar sem lífið er á framfaraleið er stefnt til sífellt meiri fullkomunar og samstillingar og jafnframt öll áhersla lögð á það að hjálpa þeim og leiðbeina sem hinar verri lífstöðvar byggja. Því tilgangurinn er að allir komist á rétta leið og líf alheimsins verði ein samstillt heild. „Samband, samstilling er eðli lífsins“, segir H. P. (Nýall bls. 270). Og enn fremur: „Tilgangur lífsins er einmitt sá að ná fullkomnum tökum á öllum möguleikum efnis og efnisheims, hefja efnisheiminn til guðlegrar fullkomunar.“ (Sannýall bls. 29). Eru hugmyndir manna fyrir á tímum, um guði og komu frelsara af himnum, sprotnar af hugboðum og skynjunum sambandsnæmra spámanna um tilveru íbúa hinna fullkomnari lífstöðva og viðleitni þeirra til hjálpar mannkyninu, en þekking jarðarbúa þá svo

lítill og hugarfarar svo rangsnúið, að ekki kom að gagni. Lífið er hingað til jarðarinnar komið frá öflugri lífstöðvum á öðrum jarðstjörnum, hefir enga tilverumöguleika án sambands við þessa uppsprettu lífsins, og hin vitiborna mannvera getur ekki komist á örugga framfaraleið nema með því að gera sér ljósa grein fyrir eðli lífsins í alheimi og tilgangi þess, samfara einlægum og samstilltum vilja til þess að þiggja þá hjálp, sem til boða er, frá vinum á fullkonnari lífstöðvum, og að framhald jarðlífsins er líkamlegt líf á öðrum hnöttum.

Eins og áður sagði eru kenningar Nýals beint framhald af náttúruvísindunum, eins og þeim fræðum var komið um það leyti er Helgi Pjeturss hóf rannsóknir sínar í alheimslíffræði. Kemur þetta einkar glöggt fram þegar athugaðar eru í samhengi, annarsvegar kenningar Nýals um lífið í alheimi og lífsambandið milli stjarnanna, og svo hinsvegar sú þekking sem fyrri tíma vísindamenn höfðu þá fært mannkyninu um sambandseðli náttúrunnar. Og er þar fyrst að nefna uppgötvun aðdráttaraflds jarðar og aðdráttarsambands þess milli hnattanna, sem stýrir göngu þeirra um himingeiminn. — Um þetta segir H. P. svo í ritgerðinni. „Mikilleiki heimsins og lífið“:

„Það væri auðveldara að koma sannleikanum fram nú ef áhuginn á sögu vísindanna væri nokkru meiri. Þar er margt býsna fróðlegt. Eins og t. d. þetta: Á 17. öldinni tókst að láta eðlisfræðina fara að ná til stjarnanna. Með því að byggja á rannsóknum Galileis á því hvernig hlutirnir falla til jarðar, tókst Newton að uppgötva alsamdrátt hlutanna í alheimi, og var þar með fundinn þekkingarauki sem varð stjörnufræðinni til meiri framfara en nokkur hafði látið sér til hugar koma að orðið gætu. Á 19. öldinni tókst svo að láta efnafræðina fara að ná til stjarnanna, og hlutust enn af því meiri framfarir í þekkingu mannkynsins á stjörnuheiminum en taldar höfðu verið hugsanlegar. Og loks hefir nú á 20. öldinni í ágætu samræmi við merkilegt framfaralögmál, tekist það sem allra ólíklegast hefir þótt; en það er, að láta líffræðina fara að ná til stjarnanna, og er undirstaðan sem

þar er bygt á, aukin þekking á eðli sjálfra vor, uppgötvunin á eðli svefns og drauma.“ (Framnýall bls. 12—13).

Uppgötvunin á eðli svefns og drauma er lykillinn að þeim mikla þekkingarauka í líffræði, sem Nýall færir oss. Sú mögnun sem maðurinn öðlast við svefninn er ekki skýranleg á annan hátt en þann að hann hlaðist af aðsendri orku frá öðrum lífstöðvum. Hinsvegar fer því fjarri að almenn-ingur viðurkenni rök vor í þessu máli, og gildir það engu síður um hálærða menn heldur en láglerða. Fólk segir gjarna eitthvað á þá leið að maðurinn hressist við svefninn vegna þess að hann missi meðvitund. Ætli einhverjir hafi ekki svarað á svipaðan hátt fréttinni um uppgötvun aðdráttarafis jarðar á sínum tíma? Sagt sem svo: það er svosem engin sönnun fyrir einhverju aðdráttarafli þó eplið falli til jarðar, það hefir alltaf gert það svo lengi sem ég man og svo var það einnig í tíð afa og ömmu, og það mun áreiðanlega halda því áfram hvað sem þessu aðdráttarafli líður, — varla tekur það upp á þeim skolla að fara að detta uppí móti.

Í Þónýal segir svo um þessi mál í ritgerðinni „Eðli lífs og svefns og sigurinn á dauðanum“:

„Þegar nú er litið á svefninn, — eða, nákvæmar sagt, það sem svefnhvíldin veitir — einsog einhverja tegund orku sem streymir inn í líkamann, verður ennþá fróðlegra að sjá, hvernig Plótínus, einn af ágætustu heimspekingum, lýsir sjálfu lífmagninu (energeia zóes) sem því er streymi fram, líkt og lind frá upptökum (hóspær prokhyþeisa avte hojon ek peges (Enn. III, VIII, 10).

Má hjer glögt skilja, að um sannleik er að ræða, eða eitthvað sem er mjög í áttina til sannleiks. Hver greindur maður getur, ef honum er aðeins nógu mikill hugur á að reyna — og málið er þess áhuga vissulega vert — áttað sig á því, að viturlega var að orði komist af forþeðrum vorum, þegar þeir töluðu um svefninn einsog eitthvað sem streymdi í brjóstið, og liggur þá nærri skilningur á því, hvernig aðstreymi þetta sem endurnýjar lífsorkuna, ber með sér efnidraumanna, ef svo mætti að orði komast, og leiðir um stund

til vitundarsambands þess hins stórfurðulega, og vitundarskipta, sem gera muninn á vökuvitund og svefnvitund. Gefur oss þar hina furðulegustu víðsýn, því að vjer uppgötvaum draumgjafann, og þar með sambandið við íbúa annara jarðstjarna alheimsins. Er það ekki ofmælt, að þar er hið þýðingarmesta og stórkostlegasta rannsóknarefni, er vjer sjáum framá þessa undursamlegu útfærslu mannlegrar meðvitundar og þekkingar.

III

Vjer fáum þarna bendingu, sem getur orðið oss hin nauðsynlega hjálp til skilnings á tilgangi, sem afar áriðandi er að vjer þekkjum. En það má segja að sje skilningurinn á tilgangi lífsins. Lífið á að ná tökum á öllum möguleikum tilverunnar. Hinum góðu til að geta komið þeim í framkvæmd, hinum illu til að geta sigrað þá. Og sá skilningur liggur beint við, að ef þetta á að geta tekist, verður allt líf í alheimi að samhæfast og samstillast. Og vitanlega verður þessi samhæfing (harmoní) að geta tekist í hverju einstöku heimkynni lífsins, einsog t. d. á vorri jörð. En þegar vjer vitum af lífmagnaninni, og eðli svefns og drauma, gengur oss greiðlega að átta oss á því, að slík samhæfing getur ekki orðið án hjálpar frá æðri lífstöðvum alheimsins, en vor jörð er. En þá hjálp er hinum lengra komnu lífverum ekki unnt að veita, fyr en einhverju tilteknu þekkingarstigi er náð, sem nú fyrst er verið að komast á hjer á jörðu. Er þess nú þegar kostur að gera sjer ljóst, að það eru engar ýkjur þegar sagt er, að það sjeu hin stórkostlegustu tímamót í lífsögu jarðstjörnu, þegar sambandið við lífið á öðrum jarðstjörnum er uppgötvað, og um leið möguleikinn til að koma því í hið nauðsynlega vísindalega horf. Það sem gerist er ekkert minna en það, að þá verður unnt að breyta um frá helstefnu til lífstefnu.“ (Þónýall bls. 234—236).

Samkvæmt framanrituðu er ljóst að eina færa leiðin til björgunar mannkyninu, er að ná fullkomnu sambandi við lengra komin mannkyn og guðakyn annarra hnatta. Eðli og uppruni trúarbragða er samkvæmt kenningum Nýals í fám orðum þessi: Öll trúarbrögð eru af sömu rótum runnin —

þ. e. af tilraunum hjálpfúsra vina á öðrum lífstöðvum til þess að koma vitinu fyrir jarðarbúa og benda þeim á rétta leið út úr ógöngunum. Og öll trúarbrögð eiga það sameiginlegt, að þau eru misskilningur á þeim boðskap sem reynt var að koma til hinna sambandsnæmu trúarhöfunda og spámannanna, og hafa því orðið gagnslaus að mestu, en stundum til tjóns. Helgi Pjeturss ritaði mikið í erlend tímarit um þetta mikla áhugamál sitt og segir í Þónýal frá viðskiptum sínum við tímaritið „Light“, viðlesid spíritistarit sem lengi hefir verið gefið út í Englandi, og fékk hann þar birtar greinar öðruhvorum á tímabilinu 1925—1941. En á stríðsárunum urðu ritstjóraskipti við „Ljósid“ og við tók maður að nafni Murton. Og þegar H. P. sendi næst grein til ritsins, fékk hann hana endursenda ásamt bréfi frá hinum nýja ritstjóra, þar sem sagði að fólki þar í landi líkaði ekki svona skrif. Hér birtist smákafli úr ritgerðinni „Og þó trúa þeir á andaheim“, þar sem segir frá þessum viðskiptum:

„Og nokkru eftir að Murton hafði skrifað mjer, kom í „Light“ grein eftir einn af þessum andstöðumönnum mínum, sem sýndi, að honum var ekki ókunnugt um það, sem stjörnufræði nútímans kennir um mikilleika heimsins, hinar ótölulegu vetrarbrautir með þúsundum miljóna sólna. En hann lýkur grein sinni með því að spyrja, hvort ekki sje undursamlegt að hugsa sjér, að allur þessi svo óskiljanlega mikli heimur hafi skapaður verið til þess að komið gæti fram á einni, tiltölulega örlítilli jarðstjörnu, mannlíf, sem svo, eftir dauðann á þessari jörð, væri haldið áfram (á algerlega óskiljanlegan hátt) á einhverju æðra, andlegu (sömuleiðis gersamlega óskiljanlegu) tilverusviði.

Furðuleg er önnur eins fávíska og þetta, og óumræðilega stórskaðleg. Því að hún getur ekki samrýmst neinum skilningi á tilgangi lífsins. En það sem á riður er nú einmitt að skilja eðli og tilgang lífsins. Skilja hvernig þar kemur fram viðleitni hins skapandi máttar á að ná þeim tökum, að í alheimi geti fullkomnun komið í stað ófullkomnunar. Takmarkið er samstilling lífsins í alheimi. En býsna langt er að því marki, og vitanlega alveg ómögulegt að komast þar

nokkuð áleiðis meðan menn hafa ekki einu sinni uppgötv-
að lífið á öðrum jarðstjörnum alheimsins. Með þeirri upp-
götvun er m. a. fundin leið til að fá miklu fullkomnara sam-
band við framliðna en annars væri kostur. Það samband,
sem fengist hefir með spíritistaaðferðum, hefir alltaf verið
tiltölulega sjaldgæft, og alltaf mjög ófullkomið, en stundum
hættulegt og amasamt, af því að um samband við illa til-
verustaði hefir verið að ræða. Að koma þessu sambands-
máli í rjett horf er því mjög þýðingarmikið, og ekki get jeg
annað en furðað mig á, að svona illa skuli hafa gengið að
koma fram hinum nauðsynlega undirstöðuskilningi í þess-
um efnum, svo auðvelt sem virðist að meta rjett ýmsar stað-
reyndir sem jeg hefi verið að benda á í því sem jeg hefi
ritað. En ekki stoðar að gefast upp við þessa tilraun, þó að
tregt gangi, og skal nú enn bent á eitt og annað, sem ætti að
geta stutt að hinum nauðsynlega skilningi.“

(Pónýall bls. 245—246).

Viðhorf Nýalsmanna til trúmála liggur nú nokkuð ljóst
fyrir af því sem nú hefir verið sagt, og má rekja aðalatriði
málsins í órstuttu máli: Helgi Pjeturss tekur oftlega fram í
ritum sínum að kenningar Nýals stefni ekki gegn trúar-
brögðunum, heldur lengra fram — þekking komi þar í trúar
stað. Eðli allra trúarbragða er að trúa án þess að skilja,
jafnvel án þess að vilja skilja. Kenningar trúarbragðanna
um guði, hinar æðri verur alheimsins, og um framhald lífs-
ins eftir dauðann hér á jörðu, eru án sambands við þekk-
ingu manna á þróunarlögmálum lífsins og tilgangi þess. —
Trúarbrögðin segja: guðs vegir eru órannsakanlegir, eða
með öðrum orðum, maðurinn getur aldrei komist til þekk-
ingra á framvindu lífsins og eðli þess, utan sinna heim-
kynna, — og jafnvel ekki einu sinni þar — og verður því að
trúa í blindni, sem þýðir kyrrstöðu í þekkingarleit. Nýals-
menn segja: vegir guðs eru rannsakanlegir og rannsókn og
vaxandi þekking á því sem slíku nafni mætti nefna, eru ó-
hjákvæmilegt skilyrði þess að maðurinn geti, með hjálp guð-
anna, sótt fram til síaukinnar farsældar og þroska. Nýals-

menn geta því ekki verið trúmenn í þess orðs réttu merkingu, og trúaðir menn geta ekki verið Nýalsmenn af heilum huga, en þeir geta verið á leið til þess að verða það.

Af framansögðu er einnig ljóst að guðir hinna ýmsu trúarbragða hafa ekki verið neinn hugarburður, heldur er þar um að ræða lífverur á öðrum jarðstjörnum. Þannig hafa guðir forfeðra vorra, Æsir og Ásynjur, verið mannkyn á öðrum hnetti, svo miklu fullkomnara að viti, styrk og góðvild, heldur en vér jarðarbúar erum, að hinir goðmálugu menn á Norðurlöndum nefndu þá guði. Og ekki er að efa að þar hefir verið haldið áfram á þroskabraut, svo að guðanafnið er áreiðanlega meira réttnefni nú en forðum. Þessir öflugur vinir leituðust við að beina forfeðrum vorum á hina sömu heillabraut — og reyna enn við afkomendur þeirra. Sú tilraun mistókst þó í meginatriðum, en upp af henni spratt hinn forni átrúnaður, Ásatrúin. Árpúsunda reynsla bendir til þess ótvíræðlega að með tilstyrk trúarbragða verði ekki komist af þeim helvegi sem mannkynið hefir alla tíð troðið hér á jörðu: veg illinda og ósamkomulags, galdraofsókna, stórstyrjalda og hverskyns annars ófarnaðar. Og því er heldur ekki nein stoð í því að vekja upp fornan átrúnað. Heldur hitt að komast út úr þokumistri trúarinnar, gera sér grein fyrir þeim sannleik sem býr að baki alls átrúnaðar, og leggja alla áherslu á það að feta sig fram til heillavænlegrí lífsbrautar, með stöðugri þekkingarleit, ástundun fagurs líf-ernis og síaukinnar góðvildar hvers og eins til meðlifenda sinna, — og gerast á þann hátt liðsmenn í framsókn lífsins í alheimi.

Það sem hér hefir verið sagt um trúarbrögðin, þýðir að sjálfsgöðu á engan hátt, að því sé neitað, að meðal trúaðra sé og hafi ætíð verið margt hið ágætasta fólk og að margir hafi bæði fyrr og síðar fundið huggun og athvarf í trú sinni. En það sem meginmáli skiftir er að trúarbrögð hafa ekki fært mannkyninu þá þekkingu og þann þroska sem ekki verður án komist ef vel á að fara. Og meira að segja er það söguleg staðreynd að aldrei var lífið ömurlegra og grimmdin miskunnarlausari í hinum svokallaða kristna heimi, en á

þeim öldum sem kirkjan var völdugust og trúaráhrifin sterkust. Gildir þetta jafnt um kaþólsk lönd sem lútersk, og jafnt um Ísland og önnur kristin lönd.

Hér verður nú staðar numið að sinni þó margt sé enn ósagt. En að lokum verða hér birt úr Þónýal niðurlagsorð ritgerðarinnar „Vísindin, trúin og framtíðarhorfur mannkynsins“. Eru þau á þessa leið:

„En Íslendingar hafa nú einmitt haft það til síns ágætis, að vera allra þjóða minstir trúmenn. Og ef svo hefði ekki verið, þá ættum vjer enga Heimskringlu og engar Eddur. Og það eru jafnvel hreint ekki litlar líkur til, að íslenskt tungumál og þjóðerni væri þá löngu undir lok liðið. Og í samband við hina tiltölulega litlu trúhneigð Íslendinga verður að setja það, að þótt enganveginn hafi vel verið í þeim efnum, þá hefir þó grimd ekki komist á alveg eins svívirðilega hátt stig hjer á Íslandi, eins og hjá flestum eða líklega jafnvel öllum þjóðum öðrum.“ (Þónýall bls. 227).

Pannig hljóða niðurlagsorð þessarar löngu og gagnmerku ritgerðar um vísindin og trúna, og getur hver sá sem les hana með athygli, sannfærst um að hér er ekki um vanhugsaða fullyrðingu að ræða. En ef afleiðingar af meiri trúhneigð Íslendinga fyrr á öldum hefðu orðið svo hörmulegar að vér hefðum engar fornþókmenntir eignast, en glatað tungu og þjóðerni, hvort mætti ekki því við bæta nú, að þá hefðum vér heldur engan Nýal eignast.

Helgi Guðlaugsson.

Var fyrsti geimfarinn kona?

Lengi var ég vantrúaður á raunveruleik hinna „fljúgandi diska“, sem stundum hefir verið talað um, enda nokkurnveginn sannfærður um, að flugtækni geti ekki komið til greina varðandi samskipti milli sólhverfa og vetrarbrauta. Nú er ég hinsvegar orðinn þeirrar skoðunar, að sumar flugdiskasögur hafi við raunveruleika að styðjast og að þar sé þá um einhverskonar hamfarafyrirbæri að ræða, og er skiljanlegt, að möguleikar til slíks hafi hér orðið meiri eftir að flugtækni og geimfaraáhugi óx. Til þess, að slík furðufyrirbæri geti hér átt sér stað sem framkoma eða líkömnun farartækja frá annari jörð, þurftu ákveðin ástæðisskilyrði að vera hér fyrir hendi, en slík ástæðisskilyrði er hugsanlegt, að geimfaraáhugi jarðarbúa megi vera eins og líka hin ýmislega tækni. Eða hvað getur maður ekki í því sambandi látið sér detta í hug, þegar, án þess að vitað væri hversvegna, allt rafmagn hvarf um stundarsakir í stórborg nokkurri, jafnframt því að flugdiskafyrirbæri höfðu þá átt sér þar stað í stórkostlegasta lagi? Minnir slíkt ekki á þá eðlilegu staðreynd, að líkamningafyrirbæri, sem sannanlega hafa átt sér stað á miðilsfundum, og stundum einnig þar fyrir utan, draga til sín kraft frá miðli og fundarmönnum? En nú læt ég hér koma útdrátt úr frásögn konu nokkurrar, Elísabeth Klarer í Jóhannesarborg í Suðurafríku, og gæti ef til vill verið ástæða til að spyrja, hvort hún hafi ekki verið fyrsti geimfarinn á þessari jörð.

„Rannsóknarskip frá Venusi hefi ég séð og ljósmyndað, og ekki einungis það. Ég hefi ferðast með slíku skipi, heim sótt móðurskip þess og talað við áhöfnina þar.“

Þannig byrjar kona þessi frásögn sína, en hverfur svo til þess, sem var fyrir meir en 40 árum, eða þegar hún var að-

eins 7 ára gömul. En þá telur hún sig hafa skynjað einhverskonar heimsóknartilraun frá annarri jörð. Var hún þá hjá foreldrum sínum, og segist muna það eins skýrt og það hefði gerst í gær. Var það að kvöldi dags í ljósaskiptunum, sem þetta bar fyrir hana, og virtist henni það líkt stórum fótknetti veltandi þvert yfir himin.

Svo sem við var að búast segir hún að fólk hafi talið þetta hafa verið loftstein, vígahnött, eða þá einungis barnalega ímyndun hennar, og er ekki ástæða til að lá því það. En sjálf segist hún hafa verið annarrar trúar, og að svo mikil áhrif hafi þessi sýn haft á sig, að ekki sé ofsagt, að hún hafi breytt öllu lífi sínu síðan. Eftir að þetta bar fyrir hana, segir hún, að hugur sinn hafi ævinlega verið opinn gagnvart hinu fágæta og undursamlega, og að sú þrá hafi orðið æ ríkari hjá sér að uppgötva eða að fá samband við íbúa annarra hnatta.

Því fleiri sem árin liðu, því sannfærðari varð hún um raunveruleik lífs og lifenda annarstaðar í geimi. Það varð henni einhverskonar innri víska. Þar vænti hún þess líka, að ástúðin væri meiri en hér, þar sem ýmiskonar vonska og hraðkeppni um einkisverða hluti er svo mjög ríkjandi. Trú hennar var, að þar hefði sannleikurinn þegar verið fundinn, og að þaðan væri því í öllum skilningi útsýnið frjálst og opið um hinn endalaus geim. Og jafnframt þessum hugleiðingum og þessari vísu varðandi lifendur annarra jarðstjarna fór hún nú að vænta þess að kynnast þessum lifendum sjálf, og var það þó einkum eftir að farið var að tala um hina fljúgandi diska sem einhvern veruleika. Fór hún í því augnamiði að venja komur sínar til bernskustöðva sinna, þar sem himinsýnina hafði borið fyrir hana forðum, og talar hún þar sérstaklega um eina grasigróna hæð með undursamlegu útsýni til grasigróins hæðalands á allar hliðar. Fór hún þangað oft án þess að neitt óvanalegt gerðist. Einn morgun var það þó, er hún var þarna stödd, að hún sá eins og leiftri bregða fyrir, og kom henni þá fyrst í hug endurkast sólskins frá hvítum fuglsvæng. En þá allt í einu sá hún skínandi bjart geimfar, sem staðnæmdist þegar yfir hæðinni

þar sem hún stóð. Og nú segir hún, að hjartað hafi barist í brjósti sér.

Skip þetta eða hvað það nú var, kom svo mjúklega og lagurlega eins og svífandi fugl og án alls hávaða. Sveimaði það fyrst skammt fyrir ofan hana, en lækkaði sig síðan, svo að hún gat greinilega séð þann, sem stýrði því.

Einhverjar áætlanir um fjarlægðina á milli sín og geimfarsins talar hún um, en segist þó ekki hafa getað litið af andliti geimfarans, sem verið hafi sá fegursti maður, sem hún nokkru sinni hafði séð. Hár hans var hjart, og augu hans, sem í fjarlægðinni virtust vera ljósgrá, skínu henni. „Hann brosti til mín,“ segir hún, „eins og hann vildi róa mig,“ og henni fannst, að augu hans vildu segja við sig eitt-hvað á þá leið, að hún mætti verða hin fyrsta. En einmitt nú, þegar hún loks stóð þarna gagnvart því, sem hún svo mikið hafði hugsað um og lengi þráð, þessu ókennda og furðulega, þá kenndi hún hiks eða ótta og vék hægt frá og til baka.

Litla stund sveimaði geimfarið yfir hæðinni, þar sem hún stóð, en hóf sig svo upp og hvarf með hraði suður í geim.

Þegar nú Elísabeth Klarer eftir þetta var komin heim til sín, segir hún að titringur hafi farið um sig meiri en hún hélt að átt gæti sér stað, og kemur mér í hug, að þar hafi verið um að ræða eitthvað skylt því, sem stundum á sér stað hjá miðlum, þegar reynt er að veita lækningamögnun í gegnum þá. Gleði og fögnuður, segir hún, að þá hafi fyllt huga sinn, og að það hafi ekki verið fyrr en síðar, að hún fór að finna til eftirsjár eða samviskubits vegna þess að hafa ekki auðsýnt hinum dýrðlega gesti fullkomið traust.

Þetta var þann 27. des. 1954.

„Ég hugsa, að hinn næsta mánuð hafi ég verið óhamingjusömumust á ævinni,“ segir hún næst, þessi suðurafrikan-ska kona, sem lítil ástæða er til að ætla, að hafi farið að segja þessa sögu sína hefði hún ekki gerst. Þegar eftirsjá hennar var vakin, varð hún að sárum trega, sem þó leiddi ekki til vonleysis um að geta öðlast sama tækifæri á ný. Enn leitaði hún til þessarar sömu hæðar og hún áður hafði

gert. Loks varð það svo hinn 7. apríl 1956, að hún kom þarna upp ekki árangurslaust, og er svo að skilja, að hún hafi þá með einhverjum hætti vitað það fyrir. Segist hún naumast hafa sofið neitt nóttina áður vegna eftirvæntingar. Og svo þegar hún var komin þarna upp snemma morguns þennan dag, var geimskipið þar, og stóð þá hjá því hinn bjarti og hávaxni vinur hennar. Segist hún þá hafa gleymt öllum ótta og rétt til hans báðar hendur sínar. Og nú gerðist það, sem ég hefi þegar haft eftir henni að öðru leyti en því, að ljósmyndatakan fór fram nokkru síðar við annað tækifæri.

Eftir að hinn fríði utanjörðungur hafði leitt hina hugdjörfu vinkonu sína inn í geimfar sitt, sveif hann með hana hátt upp til einhverskonar móðurskips þess, að henni virtist, og þótti henni sem það hefði beðið þeirra þar ásamt fjölmennri áhöfn. Var þar að sjálfsögðu margt og furðulegt að sjá og heyra, sem hún segir frá í lengra máli en svo, að það verði hér rakið til fulls. Skal þess þó getið, að flestir virtust henni í útliti vera mjög ámóta og vinur hennar, sem flutti hana þangað, og allt þótti henni þar benda til hærri þroska og betra lífs en enn þekkt meðal jarðarbúa. Þannig fannst henni loftið þarna vera magnað einhverjum krafti framyfir það, sem hún áður hafði þekkt, eða ekki ólíkt því að vera óvenjulega súrefnisríkt, og er ekki ólíklegt, að þannig muni vera á jörðum, þar sem lengur hefir verið lifað og betur en hér, þar sem einmitt í þessum efnum stefnir svo mjög á hinn verri veg. Máltíðar neytti hún þarna uppi ásamt fólki þessu, sem á allan hátt var henni hið ljúfasta í viðmóti og með öllu laust við forvitni og hnýsni. Var það einungis ávextir og annað úr jurtaríkinu, sem haft var þarna til matar. Og eins og þegar hefir verið sagt, þá átti hún tal við fólkið þarna, og fannst henni það samtál fara fram á hennar eigin máli, eða góðri ensku, og að engir örðugleikar hafi því verið á að skilja og gera sig skiljanlega. Getur hún, að meðal annars hafi í því samtali verið láttnar í ljós við sig áhyggjur vegna illinda og hernaðaráhuga jarðarbúa, sem geri óframkvæmanlegar heimsóknir til þeirra frá æðri stöðum.

Bæklingur sá, sem frásaga þessi er tekin úr, er gefinn út 1961, og hefir þá ekki verið langt liðið frá því, að Elísabeth Klarer segir meir en 40 ár séu síðan hún fyrst sá það, sem henni þótti vera einhverskonar gestkomutilraun frá annarri jörð. Hefir það þannig verið um mjög líkt leyti, að hún sem barn fór svo sérstaklega að hugsa til íbúa annarra stjarna og höfundur Nýals var farinn að gera slíkt hið sama. Og þó að framlag hennar til stjörnusambandsmála sé að vísu ekki sambærilegt við framlag hans, sem satt að segja er hið eina sannvísindalega framlag í þá átt hér á jörðu, enn sem komið er, þá þykir mér sem þarna hafi verið um að ræða eftirtektarverða viðleitni í líka átt.

Eins og við er að búast, þar sem ekki er á vísindalegum grunni byggt, koma þarna fram mistök á að segja allskostar hið rétta, eins og t. d. það, að utanjörðungur þessi hafi verið frá Venusi, því að svo mun nú ætlað, að þar geti naumast átt sér stað neinskonar líf. Og það, að hann hafi talað við hina jarðnesku viðmælöndu sína á hennar máli, ensku, þykir mér heldur ekki líklegt. Miklu líklegra þykir mér, þó að hún gerði sér ekki grein fyrir því, að þar hafi einungis verið um að ræða hugsambönd þannig, að þegar utanjörðungurinn hugsaði á eigin máli, hafi það komið út sem hennar mál, og hefi ég nokkrum sinnum vitað slíkt eiga sér stað, þegar framliðnir útlendingar hafa talað íslensku gegnum íslenskan miðil.

En hvort sem maður nú freistast til þeirrar ætlunar eða ekki, að eitthvað fleira hafi þarna verið leiðsla eða einhverskonar draumskynjanir, en það hefir ljósmyndunin þó a.m.k. ekki verið, þá ber að hafa það í huga, að bak við allt slíkt er ævinlega nokkur veruleiki. Draums eða leiðsluskynjun á sér aldrei stað án sambands við veruleika, og var, eins og Nýalslesendur munu vita, að gera sér ljóst einmitt það, meginundirstaða hinnar íslensku uppgötvunar varðandi lífsambandið á milli stjarnanna. Og þaðan séð þykir mér hann líka eftirtektarverðastur þessi brennandi áhugi hinnar afrík-önsku konu á stjórnunum og lífinu þar. Hygg ég, að sá áhugi hennar hafi verið kominn henni þaðan, sem vitað var um nauðsyn þess, að skilningnum á stjörnusambandsmálum

yrði sem mest framgengt, og þykir mér þó líklegt, að nokkuð hafi getað greitt fyrir framkomu þess áhuga hjá henni, að systir hennar var, samkvæmt því sem hún segir þarna einhverstaðar, mjög áhugasöm varðandi „fljúgandi diska“. Þetta, sem hún þráði allt frá því að hún var barn, var einmitt það, sem svo nauðsynlega þurfti að verða, og liggur í augum uppi, að skilyrðin til þess, sem varð, hafa að miklu leyti legið í þrá hennar og áhuga. Og það, að sérstakt bernskuatvik skyldi verða til þess að vekja henni þann áhuga, sem svo mjög virðist hjá henni hafa orðið samferða þrá eftir fegurð og góðleik, minnir mig á nokkuð, sem ég hefi séð haft eftir konu nokkurri íslenskri. Segist kona sú lengi hafa vonað það, að þegar baslinu lyki í þessum táradal lífsins, yrði einungis svefn og hvíld um alla eilífð. En þegar hún eitthvert sinn fékk aðstöðu til þess eitt heiðskírt vetrarkvöld að horfa á stjörnurnar í góðum stjörnuvíki, hafi henni ekki einungis fundist mikið um, heldur hafi það einnig breytt viðhorfi hennar í þessu efni. Segist hún þá hafa orðið viss um, að ævi manns hér á jörðu væri aðeins áfangi í miklu lengri leið, og gefur það nokkra bendingu um, til hvers það mægi leiða, að horfa til stjarnanna. Og nú vil ég hér að síðustu bera fram þá ósk, að sem flestar íslenskar konur verði til þess að leggja hinum íslensku stjörnusambandsmálum lið með því að hugsa vel til þeirra, sem að þeim standa og þannig eru að reyna að greiða fyrir hjálp til mannkyns, sem komið er fram á glötunarbarm.

Þorsteinn Jónsson, á Úlfsstöðum.

Nýall, trú eða vísindi

Priðja bréf Páls postula til Korintumanna.

Ég sem á að deyja dvel hjá yður,
sem drottinn hefur gefið eilíft líf.
Og drottinn gefur öllum eilíft líf.
En eilíft líf er ekki til, því miður.

St. Steinarr.

Þetta stutta ljóð virðist svara spurningunni um framhaldslífið afdráttarlaust neitandi. En ljóðið er niðurstaða mikilla heilabrota þess manns, sem vonar og vill trú á eilíft líf, en skortir þó þær sannanir, sem ekki verða hraktar með mannlegri rökréttri hugsun. Trúin eða vissan um eilíft líf hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda, þó hefur raunveruleiki eilífa lífsins ekki ennþá verið sannaður af vísindunum.

Dr. Helgi Pjeturss nefnir oft orðið vísindi í sambandi við kenningar sínar í Nýal. Kenningar Nýals byggjast þó á þeim grundvelli, að lífið hafi ákveðinn tilgang, og að trú á því að lífið hafi yfir höfuð einhvern tilgang er að trú því, sem ekki verður sannað með svo einföldum rökum að auðsætt sé. Í öllum trúarbrögðum er lögð sérstök áhersla á tilgang lífsins, og sá tilgangur er í lífinu felst er nokkuð svipaður í hinum ýmsu trúarbrögðum. En það er lífið og þroskinn eftir dauðann, sem er mjög breytilegur eftir trúarbrögðum. Kenningar Nýals eru án efa einhverjar skemmtilegustu og jafnframt dásamlegustu kenningar, sem nokkru sinni hafa komið fram um líf í alheimi. Þær gera ráð fyrir óendanlegum möguleikum lífsins til þroska, og gera um leið eilífa lífið skemmtilegt og þess virði, að menn langar til að lifa því. En það sama verður tæplega sagt um hið eilífa líf kristninnar.

Eitt af því sem mér fannst athyglisvert í Nýal, var þýðing Dr. Helga úr grísku á upphafsorðum Jóhannesarguð-

spjalls. Dr. Helgi telur að í staðinn fyrir orðið „orðið“ eigi að standa orðið „fyrirætlun“. Setningin eigi því að hljóða svo: Í upphafi var fyrirætlun, og fyrirætlunin var hjá Guði og fyrirætlunin var Guð. Ýmsum kann að finnast sem þetta breyti litlu, en ef betur er að gáð, sést að svo er ekki, þetta breytir öllu. Skýring kirkjunnar á þessari setningu er sú, að hún ætlar orðinu að berast til manna og frelsa þá einn af öðrum með nokkurskonar stökkbreytingu. Og ef þú trúir ekki á orðið ertu búinn að vera, þ. e. ekki hólpinn. Nýall skýrir setninguna á annan veg. Í upphafi var það fyrirætlun hins góða að sigra hið illa með góðu. Það er lífstefna gegn helstefnu.

Samkvæmt þessu er það fyrirætlunin að gera alla menn algóða, og þótt illa takist til í þessu jarðlífi, þá er annar möguleiki í næsta lífi á annarri jörð. Samkvæmt kenningu kirkjunnar ferð þú til Guðs. Samkvæmt kenningum Nýals verður þú að Guði.

Dr. Helgi taldi að tíu þúsund manna samstilltur hópur gæti sýnt hvaða kraftaverk mætti gera með lífsorkunni, en sá hópur er sannarlega vandfundinn í mannkyni þar sem varla fyrirfinnst tveir samstilltir menn. Dr. Helgi taldi þennan hnött sem vér nú lifum á, vera á helvegi. Hér réði helstefna ferðinni. Þeir sem mest svíkja og kúga aðra, hljóta mesta virðingu og brautargengi. Þó að þetta sé að vísu satt ber hins að minnast, að sannleikurinn hefur alltaf sigrað að lokum. Og þótt Brunó hafi á sínum tíma verið brenndur á báli fyrir að segja sannleikann um himingeiminn, þá eru kenningar hans nú tiltölulega auðskilin vísindi. Því mætti ætla að eins yrði um kenningar Dr. Helga um líf í himingeimnum. Ef þær eru sannleikur verða þær að lokum fyrsta trúin til að verða að vísindum.

Húnn Snædal.


Um þróun meðvitundarinnar

Einhversstaðar í ritum sínum segir dr. Helgi Pjeturss eitt-hvað á þá leið, að til þess að öðlast einstaklingsvit hafi maðurinn orðið að fórna sambandshæfileikanum. Því vissulega virðist svo, sem samstilling lífs hér á jörðu hafi minnkað eftir því, sem einstaklingsmeðvitundin eykst. Vangaveltur um þessa hluti eru erfiðar og jafnvel varasamar, því þær geta hæglega leitt menn út í ógöngur. En þessi mál verður að athuga, og jafnvel þótt eftirfarandi uppástungur reynist kolrangar, gætu þær kannske orðið tilefni til frekari hugleiðinga.

Hvernig varð meðvitundin til? Víst er, að meðvitund hefur komið til miklu seinna en samstilling lifandi efnis og lífvera í þróunarsögu lífs hér á jörðu. Fullvíst er, að lífræn mólekúl sem slík eiga sér ekki sjálfstæða meðvitund og örugglega er hún ekki mikil, ef þá nokkur, hjá einfrumungum. En einhversstaðar á þróunarbrautinni verður meðvitundin til — jafnframt því sem samstilling lífveranna eykst og þróast. (Í ritgerð minni „Um samverund og þróun“ fjallaði ég um þróun samstillingarinnar og mun óþarft að endurtaka það hér, þótt ég sé nú horfinn frá sumu því, sem þar er stungið upp á. En fróðlegt er í sambandi við þróun samstillingar lífsins að minnast á sovéskar tilraunir um innbyrðis samband frumna. Þar kemur í ljós, að frumur hafa mjög náíð samband sín á milli. Heilbrigðar frumur senda frá sér geislun sem sýnir beina línu á mælitækjum, en í sýktum frumum breytist útgeislunin mjög. Heilbrigð fruma í nálægð sýktrar frumu sýnir samskonar útgeislun og sýkta fruman! Þessir sovésku vísindamenn hafa komist að því, að frumurnar hafa samband sín á milli með útfjólubláu

ljósi. Hinsvegar hefur ekki tekist að komast að því t. d., með hvaða hætti hugsanir flytjast á milli manna. Mun þar vera um að ræða eitthvað „háþróaðra“ samband en þetta samband frumanna, sem á sér stað innan marka hins þekkta bylgju-spektrums).

Ég fæ ekki séð, að *meðvitundin* geti átt sér uppruna annarsstaðar en í samstillingunni (lífssambandinu), sem í raun er það, sem skilur lífandi efni og lífverur frá hinu dauða efni. Gerum við ráð fyrir þessu, þýðir það, að meðvitundin hefur þróast upp af samstillingu lífveranna. Samstilling lífvera, eins og nafnið bendir til, er eiginleiki, sem enginn einn einstaklingur út af fyrir sig getur haft til að bera — til samstillingar þarf fleiri en einn einstakling — alla heildina. Hafi nú meðvitund þróast upp af samstillingu lífveranna, hefur meðvitundin í fyrstu borið mjög sterk einkenni samstillingarinnar, uppruna síns — hefur sem sagt verið *sameiginleg vitund*. Hin sameiginlega vitund hefur fyrst í stað algjörlega yfirgnæft einstaklingsvitundina. Samkvæmt þessu er meðvitund afsprengi og í raun í vissum skilningi hlutmengi í samstillingu lífvera. Samstilling þróar upp af sér samvitund (samstillingin hverfur ekki þar með úr sögunni) og samvitundin þróast smám saman upp í vitund einstaklingsins. Sé þetta rétt, ætti fjöldi lífverutegunda lægra í þróunarstigunum en maðurinn, að hafa fyrst og fremst samvit-



und — sameiginlega vitund. Þetta ætti að vera gerlegt að athuga með rannsóknunum.

Ekki er ólíklegt, að þróun heilabarkarins sé í *einhverjum* tengslum við þróun einstaklingsmeðvitundarinnar. Í þessu

sambandi má nefna, að minnisstöðvar fiska eru ekki á neinn hátt tengdar heilaberkinum, en eru það hinsvegar að einhverju leyti í froskdýrum.

Samkvæmt þessu vikur sameiginlega vitundin smám saman úr vegi fyrir einstaklingsvitundinni, uns einstaklingsvitundin hefur yfirgnæft sameiginlegu vitundina að fullu. Fram að því höfðu lífverurnar skynjað lífssambandið í gegnum sameiginlegu vitundina, en þegar einstaklingsvitundin hefur rutt henni gjörsamlega úr vegi og yfirgnæft, glatast um stund hæfileikinn til að skynja lífssambandið að mestu. Til þess að skynja það, þarf einstaklingsvitundin, sem fram að þessu hafði verið algjörlega bundin einstaklingnum, að þróa með sér nýjan hæfileika — hæfileikann til að skynja lífssambandið. Hugsa mætti sér, að mannkynið sé einmitt statt á þessu erfiða umbreytingatímabili nú.

Það skal játað, að erfitt virðist í fyrstu að ímynda sér með hverjum hætti þessi sameiginlega vitund hefur lýst sér. Dýr á þessu stigi *dæju* t. d. ekki í sarna skilningi og menn deyja. Öll heildin skynjar dauða einstaklingsins, en meðvitund hans „hverfur“ ekki með líkamsdauða hans, en heldur áfram að vera til með heildinni. Og sé þessu nú þannig varið, er hin sameiginlega vitund í raun ódauðleg á meðan til eru einstaklingar viðkomandi tegundar. Og hví skyldi vitundin ekki halda áfram að vera ódauðleg í eðli sínu, þótt hún hafi þróast upp í einstaklingsvitund? Hugsa mætti sér, að með aukinni þróun einstaklingsvitundarinnar aukist tilhneigingin til að þessi vitund, sem bundin er við *ákveðinn* einstakling, öðlist *ákveðinn* nýjan líkama eftir dauða þess gamla.

Hér hafa verið sniðgengin atriði, sem mjög snerta viðfangsefni þessara skrifa, s. s. aflsvæði og tengsl á milli tegunda, hóphluta tegunda, en það ætti ekki að koma að sök á þessu stigi málsins.

Ólafur Halldórsson.

Giordano Bruno

Giordano Bruno er fæddur í Nola á Ítalíu árið 1548. — Hann var af tigginni ætt, en ekki var ættin auðug. Í æsku fékk hann góða fræðslu, en aðeins 15 ára gamall tók hann það ráð, að gerast munkur, og gekk í klaustur eitt í Neapel, það er fylgdi klausturreglum Dóminikusar, svartmunka-klaustur, og urðu af þessu óhapparáði miklar afleiðingar fyrir allt líf hans. Eigi vita menn, hvað valdið hafi, er hann tók þetta ráð, og er líklegt, að eigi hafi þroskuð umhugsun knúið hann til þess, heldur skjótræði, komið fram af örleik hugar hans og tilfinninga. En svo sagði hann sjálfur, að með þessu atviki hefði hann „hneppt skakkt hinum fyrsta hnappi á kyrtli sínum og úr því hefði engum hnappinum orðið hneppt rétt“. En eigi fann hann í klaustrinu það, er hann leitaði, frið og hvíld sálu sinni og frelsi hugsunum sínum, enda undi hann þar illa hag sínum. Syndareðlið, er hann átti að afneita og hafna, fylgdi honum inn í munkaklefan og lét hann engan frið hafa. Þetta kom fram á ýmsan hátt. Hann fór að hugsa sjálfur um lærdóma kirkjunnar, og efi fór að vakna í huga honum. Syndareðlið kom fram í ýmsum glettum af hans hendi og í afbrotum gegn klausturaga og klausturreglum. Örlyndi hans kom fram á nokkuð ofsafenginn hátt, og fékk því eigi dulist yfirmönnum hans, og vaknaði skjótt sá grunur, að hann mundi eigi vera alls kostar rétttrúaður. Fyrsta tilefni þess var það, að hann einhverju sinni tók á braut allar dýrlingamyndir úr klefa sínum og hafði aðeins eftir róðukross einn. Síðar játaði hann sjálfur, að frá því er hann var 18 ára, hefði hann efast um þrenningarlærdóminn. Þá er hann var orðinn prestur, varði hann hina fornu Aríusar-villu, að Kristur hefði ekki verið fæddur af föðurnum, heldur hefði hann verið sköpuð vera. Þá

þótti bert orðið, að hann væri trúvillingur, og var afráðið, að kæra hann fyrir rannsóknarréttinum, en hann komst á snodir um það, og flúði brott úr klaustrinu undir árslokin 1576. Hann hafði þá dvalið 13 ár í klaustrinu, og höfðu þau ár verið löng og leiðinleg, að því er honum þótti. Hann fór þá fyrst til Rómaborgar, en eigi varð honum vært þar, sökum atsóknar rannsóknarréttarins. — Þá kastaði hann munkaklæðum, flúði úr Rómaborg og sótti lengra norður á bóginn.

Eftir þetta fór Giordano Bruno landflóttu úr einum stað í annan. Meðan hann dvaldi í klaustrinu, stundaði hann vísindi af kappi, og meðan hann var á þessu reiki, iðkaði hann vísindi af brennandi áhuga. Nú var hann í þessu efni að öllu frjáls og óháður, og kynnti sér rækilega rit hinna grísku fornaldarspekinga og svo áfram allar götur niður til Kopernikusar († 24. maí 1543). Kenning Kopernikusar um alheiminn hafði hann í æsku skoðað sem endileysu eina, en nú féllst hann á skoðun hans með lífi og sál, og á þessum árum náði hinn stórbrotni skilningur hans á tilverunni fullum þroska, og flutti hann kenningu sína með æ ljósari rökum, hvar er hann kom, og reyndi að færa mönnum heim sanninn um gildi hennar og réttmæti.

Árin 1576—1579 reikaði hann um norðurhluta Ítalíu, en þá hvarf hann þaðan og fór til Svissaralands, hins fyrirheitna lands frelsisins, og settist að í Genf, höfuðbóli siðbótar þeirrar er kennd er við Kalvín, og er svo að sjá, sem hann hafi fyrst í stað hneigst að kenningu Kalvíns, en skjótt opnuðust augu hans og hann sá, að hér var eigi kostur andlegs frelsis, en hann leit svo á, að þótt hann tryði eigi kenningu kaþólsku kirkjunnar um breyting brauðs og víns í sakramenti kvöldmáltíðarinnar, þá væri það ekki bein afleiðing þess, að hann ynni eið að kenningu Kalvíns um það efni og teldi hana óyggjandi. Fór þá svo, að hann lenti í deilu við prestana; þeir töldu hann trúvilling og bannfærðu hann. Í Genf hafði hann dvalið aðeins nokkra mánuði, er hann nú hvarf þaðan, og var honum æði gramt í geði, enda hafði hann illilega rekið sig á þröngsýni og ófrjálslyndi Kalvínstrúarmanna.

Frá Genf fór Giordano Bruno til Toulouse á Frakklandi, og flutti þar um 2 ár fyrirlestra í háskólanum um stjörnufræði. Hann þræði Ítalíu, föðurland sitt, sí og æ, og er það einkennilegt og lýsir hugareðli hans, að sú þrá kemur fram á þann hátt, að hann leitar sætti við kaþólsku kirkjuna, enda leit hann svo á, að hann hefði sagt skilið við klaustrið, en eigi við kirkjuna. En þess var þá krafist, ef hann ætti sáttum að ná, að hann skyldi hverfa aftur í klaustur sitt og taka upp munkalífnað, svo og taka hegningu þeirri, er á hann yrði lögð fyrir þá sök, er hann hafði hlaupist á brott úr klaustrinu. Að þessum kostum vildi hann eigi ganga, og átti hann því eigi afturkvæmt í skaut kirkjunnar né til heimilis síns og ættjarðar sinnar. Allt sat við sama. Hann var landflóttamaður, strokumunkur.

Sökum óeirða í Toulouse, er stöfuðu af ofsóknum þeim, er Hugenottar urðu að sæta, varð vera hans þar ekki langvinn. Þá fór hann til Parísar. Háskólinn þar var fyrrum hinn ágætasti háskóli í Norðurálfu, en nú var svo komið, að háskólinn í Padua á Ítalíu þótti öllu fremri. Giordano Bruno gerðist nú kennari við Parísarháskóla, en horfurnar voru alls eigi glæsilegar fyrir hann þar við háskólann, þar sem hann hélt fram öðrum skoðunum en Aristoteles, hinn frægi spekingur með Forngríkkjum, og var Aristoteles átrúnaðar- goð skólaspekinganna, er svo voru nefndir, og skólaspekin sat í öndvegi við Parísarháskóla á þeim tíma. Maður er nefndur Petrus Ramus (Pierre de la Ramée). Hann reyndi í Parísarborg að hrekja skoðanir Aristotelesar. Því var svo tekið, að konungur setti nefnd í málið, og var það atkvæði nefndarinnar, að Petrus skyldi missa allan rétt til að kenna, og varð hann að fara útlægur, og var að síðustu drepinn í Parísarborg Bartolomæus-nóttina alkunnu (24. ág. 1572). Síðan hafði enginn þorað til þess, að reyna að hrekja skoðanir Aristotelesar. Ef nú svo fór fyrir hinu græna tré, frakkneskum manni og frægum, hversu mundi þá fara fyrir hinu visna tré — landflóttu útlendingi — er bæði hafði blett og hrukku, þar sem það var hvorttveggja, að hann vildi hrekja skoðanir Aristotelesar og flutti kenningu Koperníkusar. Þetta sá Giordano Bruno vel, og því duldist hann, svo sem

verða mátti, og kom fram sem kennari í minnisíprótt eða minnisfræði (mnemonik) eftir aðferð þeirri, er fundið hafði maður sá, er Raimundus Lullus hét, og var sú fræði kennd við hann. Fræði þessi átti bæði að skerpa minnisgáfuna og kenna mönnum að rekja hið rétta samband hugmyndanna. Fræðigreinin þessi eða íprótt var æði þurr og þung, en Giordano Bruno tókst að setja í hana líf og anda. Skoðunum sín sjálfs laumaði hann inn í dæmum þeim, er hann setti fram um hugmyndasambönd, og kom þannig með lagi og án þess að eftir því væri tekið, skoðunum sínum inn í huga áheyr- enda sinna, og vakti því engan grun um rangar kenningar. Hann komst þá í kynni við ýmsa menn, er mikið áttu undir sér, og náði enda hylli konungs, Hinriks III. Frá Parísarborg fór Giordano Bruno árið 1583, og hafði þá í höndum meðmælingabréf konungs. Þá fór hann til Lundúnaborgar. Sendiherra Frakka tók honum með mikill gestrisni og bauð honum að vera með sér, og þá hann boðið fegins. En þessar viðtökur átti hann að þakka meðmælingarbréfi Frakkakonungs. Þau tvö árin er hann dvaldi á Englandi, gisti hann hjá sendiherranum, og hafði aldrei átt slíka sældardaga, enda voru þessi árin best allrar æfi hans. Nú þurfti hann eigi að dyljast, en gat látið uppi skoðanir sínar hiklaust, og hafði svo aldrei fyrr verið, enda lá hann ekki á líði sínu, en gaf út fimm rit á ítalska tungu, öll mikilsverð, og skýrði hann skoðanir sínar rækilega í ritum þessum. Jafnframt flutti hann fyrirlestra í háskólanum í Oxford um himingeiminn og ódauðleik sálarinnar. Einnig háði hann þar kappræðu- orrustu mikla við verjendur skólaspekinnar. Sú barátta var allsnörp, enda var hið andlega eðli hans, bæði að hugsun- um og tilfinningum, mjög ólíkt því er var með Englending- um. Þótti honum Englendingar ruddalegir og ófágaðir. En það skipti mestu máli, að hann mátti í ljós láta skoðanir sínar, og var ánægður með hag sinn og starf sitt.

Eftir tveggja ára dvöl á Englandi fór Giordano Bruno með hinum frakkneska sendiherra aftur til Parísarborgar, og kom nú fram með miklu meiri djörfung en áður, og lá eigi á skoðunum sínum. Þar háði hann kappræðu mikla op- inberlega. Sú kappræða stóð í þrjá daga, og studdu hann

ungir menn nokkurir, er hrifnir voru af skoðunum hans, og hann naut verndar hollvina, er mikið áttu undir sér. En eigi festi hann yndi þar, enda voru þar óeirðir í landi, er stöfuðu af ofsóknum þeim, er Huguenottar urðu að sæta, og hins vegar langaði hann til að komast austur á Pýskaland og vinna þar að útbreiðslu skoðana sinna meðal Lúthers-trúarmanna, og fór hann austur þangað, dvaldi þar nokkur ár, og lék á ýmsu um hag hans. Hann var rekinn brott úr Marburg, hafði fullt málfrelsi í Wittenberg, átti örðugt uppdráttar í Prag, en fékk loks friðland í Helmstädt, því að hertoginn í Brunsvig skipaði hann háskólakennara þar og fékk honum son sinn til læringar, er Hinrik Júlíus hét. Var nú svo að sjá, sem nýr og betri tími væri runninn upp, og hag hans komið í gott horf.

Hertoginn dó skömmu síðar, og tók þá Hinrik Júlíus við ríkisstjórn. Hann hafði miklar mætur á kennara sínum, og var að ýmsu leyti honum eigi alls kostar ólíkur í anda. Hinrik Júlíus gerðist síðar leikritahöfundur og kom á fót föstu leikhúsi eftir enskri fyrirmynd og varði til þess svo miklu fé, að það með öðru varð til þess, að fjárhagur ríkisins komst á fallanda fót. Samvistir þeirra Hinriks Júlíusar urðu eigi langar. Hinrik Júlíus fór til Danmerkur, til að ganga að eiga heitmey sína, Elísabet, elstu dóttur Friðriks II. Danakonungs, og stóð brúðkaup þeirra um vorið 1590 í Krónborgarvígi. Þaðan fór hertoginn til Hveðnar og sótti heim Tyge Brahe, stjórnuþekinginn fræga, en Giordano Bruno hafði sagt hertoganum af honum og lofað hann mjög.

Meðan Hinrik Júlíus var í Danmörku, léku þeir lausum hala, er koma vildu Giordano Bruno fyrir kattarnef. Klerkar risu upp gegn honum, lýstu hann trúleysingja af prédikunarstól í aðalkirkju landsins og bannsettu hann; guðfræðingarnir studdu mál þeirra. Giordano Bruno stóð einn uppi síns liðs. Honum var þá ekki vært þar lengur og tók sig því upp og fór brott úr Brunsvig. Þá dvaldi hann eitt ár í Frankfurt am Main, og gaf þá út rit þau, er hann hafði samið á Pýskalandi, og voru þau rit á latneskri tungu. En nú varð sá atburður, er því olli, að dvöl hans þar varð eigi lengri.

Maður er nefndur Giovanni Mocenigo og átti heima í

Venedig. Hann var tiginborinn maður, en gáfnalítill. Hann hafði lesið eitt af ritum Giordano Bruno um minnislistina, og fannst mikið um. En vitsmunir hans voru eigi meiri en svo, að hann hugði, að undir kynni að vera fólgin einhver leyndardómurinn eða leyniviska um þau efni, er mönnum þá lék mikill hugur á, svo sem gullgerðarlistin eða visku-steinninn, eða annað þess háttar. Þessi maður vildi fá Giordano Bruno fyrir kennara sinn og bauð honum því til sín, til að nema af honum minnislistina. Það var hvorttveggja, að Giordano Bruno mun litlum vinsældum hafa átt að fagna meðal valdhafa í Frankfurt, svo og hitt, að sú hafði ávallt verið heitasta þrá hans, að komast aftur til ættlands síns, og það enn, að enginn má sköpum renna, enda tók hann boði þessu alls hugar feginn. Nú voru mörg ár, síðan er hann fór frá Ítalíu og nú átti hann þá þess kost, að komast þangað aftur. Má nærri geta, hvílíkur fögnuður hafi búið í huga hans og hverjar glæsilegar vonir um framtíðina hann muni hafa gert sér, er hann nú lagði af stað heimleiðis. Á leiðinni kom hann við í Zürich, og dvaldi þar lítinn tíma. Síðan fór hann yfir Alpafjöll, áður en snjóa lagði á, og kom til Venedig seint um haustið 1591, settist að hjá Giovanni Mocenigo, og fór að kenna honum minnislistina. En er missirið var liðið, og lærisveinninn hafði einskis orðið vísari um það, er honum lék mest hugur á, þraut hann þolinmæðina. Honum var það ljóst, að hann hafði tekið þann mann í hús sitt, er eigi væri rétttrúaður maður, og gerðist alláhyggjufullur um þetta mál. Þá tók hann það til ráðs, að skýra skriftaföður sínum frá, hversu komið væri, og létta svo á samvisku sinni. Skriftafaðir hans tók þessu svo, að hann bauð honum harðri hendi, að hann skyldi kæra vágest þennan fyrir rannsóknarréttinum og geyma hann vandlega innan læstra dyra, uns rannsóknarrétturinn næði honum á vald sitt. Mannauminginn hlýddi boði skriftaföður síns, svo sem sanntrúuðum manni kaþólskum samdi, og í maímánuði 1592 var Giordano Bruno færður úr húsi hans í dýflissu rannsóknarréttarins.

Svo fór sem fyrr í Toulouse, að Giordano Bruno fann eigi, að hann væri í missætti við kaþólsku kirkjuna eða

hefði brotið í bág við hana. Hann hafði kynnst bæði Kalvínstrúarmönnum og Lútherstrúarmönnum og enga fullnægju fundið anda sínum, enda þóttu þeir ærið þröngsýnir. Þótti honum svo, sem kaþólska kirkjan ætti best við sig og taldi sig henni lítt ósamþykkan. Hann skýrði rannsóknarréttinum frá andlegri lífsreynslu sinni, tilfinningum og skoðunum, eins og gott og hreinskilið barn, og vænti þess, að menn mundu skilja sig og leyfa sér að vera óáreittum í ættlandi sínu. Hann játaði fúslega, að sér mundi hafa skjátlást í ýmsu, og sagði svo, að helsta þekking sín væri þekking um vankunnandi sína, og kvaðst óska þess fremur öllu, að fá að lifa í friði við kirkjuna.

Rannsóknarrétturinn í Rómaborg krafðist þess, að Giordano Bruno yrði seldur í hendur sínar, og var hann því fluttur frá Venedig til Rómaborgar. Rannsóknarrétturinn í Rómaborg bar það fyrir, að svo mjög kvæði að villutrú hans, að í Rómaborg bæri að rannsaka mál hans og dæma, og hlaupist hefði hann á brott úr klaustri þar í grenndinni. Sex ár sat hann í myrkvastofu í Rómaborg, og reyndu menn á marga vegu að fá hann til að hverfa frá skoðunum sínum. En hann lét eigi bugast. Þótt hann sæi fram undan með fullri vissu hræðilegan kvaladauða, hélt hann fast við skilning sinn á kristinni trú gagnstætt kenning kirkjunnar, og veitti því bein afsvör, að afneita kenningu sinni og skoðunum sínum. Að síðustu var sendur á hendur honum maður sá, er Bellmarin hét. Hann þótti ágætastur kappræðumaður með Kristmunkum og allra manna rökfimastur. Honum var á hendur falið að hrekja skoðanir Giordano Bruno og færa honum heim sanninn. En það áhlaup varð árangurslaust, og var þá hætt öllum þeim tilraunum. Þótti páfa og rannsóknarrétti nú sýnt, að Giordano Bruno mundi eigi af láta villunni og snúast á betri veg. Bellmarin var sæmdur kardínálahatti, en Giordano Bruno var rekinn úr munkareglunni, bannsettur og seldur í hendur veraldlegum valdsmönnum, og sú ósk látin fylgja, að honum yrði refsað mildilega og án blóðsúthellingar. En þetta var venjulegur formáli, er mönnum var ætlað að verða brenndir á báli. Þá er Giordano Bruno var birtur dómurinn, mælti hann þessum orðum:

„Það ætla eg, að eigi munuð þér ksjálfa minnur en eg, er þér birtið mér dóm þennan, en eg verð að hlýða.“ 17. dag í febrúarmánuði árið 1600 var hann leiddur á bál og brenndur á torgi því í Rómaborg, er Campo di fiore heitir. Með mestu hugarrósemi og frábærum hugarstyrk steig hann á bálið. Eigi heyrðist kvein né kvörtun af munni honum. — Hann, sem talinn var guðníðingur, trúvillingur, og fyrir þá sök brenndur á báli, dó hugrakkur í trúnni á guð sinn.

Slík var æfi þessa manns og svo lét hann líf sitt. Hver var þá kenning hans, er hann varð fyrir að láta líf sitt? Hér verða aðeins greind nokkur atriði. Hann kenndi, eins og Kopernikus, að jörðin, er vér byggjum, stæði eigi kyrr í miðju alheimsins, heldur snerist um sjálfa sig og gengi í kringum sólina, svo sem hinar reikistjörnurnar. — Hann kennd enn fremur, að fastastjörnurnar væru sólir og kringum þær gengju reikistjörnurnar. Það hafði Kopernikus ekki kennt. Þessar kenningar þóttu á þeim dögum endileysa ein og ganga guðlasti næst; nú veit hvert barnið, að þetta eitt er rétt. Hann kenndi og, að heimurinn væri takmarkalaus. Röksemdir hans voru á þessa leið: „Þetta geturðu ályktað út frá þér sjálfum. Hvert sem þú ferð, þótt þú farir í norðurátt, svo langt sem verða má, eða í suðurátt, eða hvert sem vera skal, þá flyst sjóndeildarhringurinn með þér, en þú verður sjálfur hvarvetna miðdepillinn. Þú getur eigi nefnt neinn stað svo fjarri, að eigi getir þú hugsað þér stað fyrir utan þann stað. Þú getur eigi nefnt neina tölu svo háa, að eigi getir þú hugsað þér aðra tölu hærri. En getir þú ekki fundið, sett né hugsað heiminum takmörk, þá hlýtur hann að vera takmarkalaus. Þetta geturðu ályktað út frá guði. Hann er óendanlegur. Af óendanlegri orsök verður að stafa óendanleg afleiðing. Og frá hugmynd vorri um óendanlegan guð, höfund alls, verðum vér að leiða það, að til sé óendanlegur fjöldi af heimum og verum.

Hvað er guð? Guð er eitt og allt. Hann er frumorsök alls. Hann er síverandinn í allri breytingu. Hann er sál sálnanna og eðli allra hluta. Því er það hvorttveggja, að guð er hægt að skynja og eigi auðið að skilja. En því er hægt að skynja guð, að hann er að öllu leyti allstaðar, í náttúrunni og í

sjálfum þér. Náttúran er auglýsing guðs. Þekking á náttúrunni er þekking á guði. Líf náttúrunnar er hreyfing, sífelld breyting úr einni mynd í aðra, sístarfandi listsnílld heimsáálarinnar. Rektu þessar hreyfingar og dragðu síðan þræðina saman í skilning hugsunar þinnar. Þá skynjarðu guð. Því að guð er hugsun þín, guð er sálin í sálu þinni, svo sem hann og er sálin í náttúrunni.

Hvað ertu sjálfur? Ein af hinum hreyfanlegu sérmyndum guðs. Einmitt sem einstakur sérhluti, sem öllu öðru er að einhverju leyti frábrugðinn, hefir þú hlotið eilíft líf sjálfstæðlegt. Myndirnar breytast: líf og dauði, fögnuður og þjáníng. En guð er síverandinn. Og þú ert hluti af guði. Þú ert eilífur. Gegnum fögnuð og þjáníng, líf og dauða, þokast þú upp að hinu óendanlega marki, þar sem allt sameinast í guði.

Guð er eigi auðið að skilja. Löngun þinni til að skilja hann verður aldrei fullnægt, því að sem einstök vera ertu takmarkaður, en guð er ótakmarkaður. Þú getur trúað á guð. Því, sem þú veist um hann, geturðu aðeins lýst með neitunarorðum: óendanlegur, ótakmarkaður, óskiljanlegur. Æðsta þekking þín er þekking á vanþekkingu þinni.

Eðli mannsins er guðsþráin. Kærleikurinn knýr hann áfram, kærleikurinn til ljóssins. Hið endanlega þráir hið óendanlega. Eilífa þráin, sem aldrei linnir, aldrei verður fullnægt, aldrei fær hvíld, er dýpsti leyndardómur lífsins“ . . .

Með Giordano Bruno hefst nýtt tímabil í framfarasögu mannsandans. Hann er brautryðjandi mannsandans á svæði heimspekinnar, og hann er á báli brenndur sem píslarvottur sannleikans, vísindanna, frjálsrar hugsunar, og nýrrar hugmyndar, nýs skilnings á guði og alheiminum. Hann hefir fyrstur sett fram þær hugsanir, er eigi verður aftur sleppt eða horfið frá. Hann hefir brugðið upp nýju og björtu ljósi, sem síðan hefir lýst á framfarabrautinni. Tæpum 300 árum eftir dauða hans var honum reistur bautasteinn á Campo di fiore, þar sem hann var brenndur, og mótstöðumenn kaþólsku kirkjunnar vegsama enn minningu hans, einkum á Ítalíu og Frakklandi. Sá bautasteinn er meira verður, að menn hafa fallist á skoðanir hans og hlaðið ofan á grund-

völl þann, er hann lagði fyrstur. Hann er andlegur faðir hinna ágætustu spekinga, er síðan hafa uppi verið. Líf hans, kenning hans og dauði hans setur hann meðal stórmenna mannkynsins og velgjörðarmanna þess.

Minning slíkra manna á ekki að fynrast, þótt aldir líði.

Janus Jónsson.

Hafðu þökk fyrir, Janus Jónsson, að skrifa grein sem þessa. Þeir voru ekki margir kennimennirnir, sem skrifuðu varnar- og fræðandi greinar um liðna heimspekinga og vísindamenn. Og enn færri eru þeir nú á dögum, eða veit nokkur um prest, sem hefur skrifað á móta grein og þessa um t.d. Helga Pjeturss, en það væri hliðstætt verk?

Janus Jónsson, sem var starfandi prestur hér á landi í kringum aldamótin síðustu, hefur með þessu verki og fleirum (um Kópernikus og Eddu) sýnt, hvernig þeir menn skrifa, sem eru sjálfstæðir í anda.

K. N.

sér (survival of the fittest). Þessi nauðsynlega gáfa hefir svo minnkað smátt og smátt, eftir því sem vit, reynsla og þekking gátu komið í hennar stað.

Og nú er svo komið, að vér getum litið á hinar ævafornu goðsögur í alveg nýju ljósi alheimslíffræðinnar.

Mörg orð og hugtök hinna fornu fræða verða nú séð og skilin með allt öðrum hætti en áður, sem er eðlilegt þegar menn vita orðið með allmikilli vissu, að hinar óteljandi stjórnur alheims hafa að geyma líf og vitverur á öllu hugsanlegu stigi.

Enginn hefir varpað á þetta skýrara ljósi en Nýall, brautryðjandaverk þess manns, sem fyrstur jarðarbúa gerði sér grein fyrir lífsbandi alheims.

Hefðbundnar skýringar fræðimanna eru á þá leið, að í Goðafræðinni tákni orðið Miðgarður, ýmist jörðina eða þann hluta hennar, sem byggður er mönnum, þ.e. mannheim, og er það rétt svo langt sem það nær, en þeir, sem e-ð að ráði hafa kafað í nýalska hugsun mega skilja að Miðgarður á við um hina miklu festingu frumlífsjarða alheimsins, sem fóstra manninn, eins og vér þekkjum hann, en handan þeirra eru svo framlífsjarðirnar, heimkynni guða og djöfla. Þar sem ríkir eindregin lífstefna, þar eru heimkynni guðanna en þar sem helstefnan hefir sigrað eru hinir illu bústaðir þeirra, er til djöfla hafa þróast.

Maðurinn (frumlífs-), er einn aðalhluti þess efniviðar, er framþróunin vinnur úr, og með manningnum blunda möguleikar góðs og ills. Á honum getur það oltið, hvort alheimurinn þarf að sundrast eða hvort hann nær að þróast til hins æðsta samræmis.

Gætið að myndinni framan á blaðinu og hugleiðið ábyrgð mannsins eftir að hann hefir gert sér þett ljóst.

Þetta er hinn bjargandi sannleikur. Að vita af alsambandi lífsins í alheimi sem verða á. Hvernig lífið á að sigra fullkomlega órafjarlægðir himingeimsins, jafnvel þó að um miljónir miljóna ljósára sje að ræða. Hvernig lífið í alheimi á að verða fullkomlega samstilt heild, með fullkomnum tókum á öllum öflum og möguleikum tilverunnar. Eða, með öðrum orðum, guð almáttugur. En guð almáttugur er ekki einungis einn, heldur óendanlega margir, þar sem hver einstök lífvera er alfullkominn guð. Og í vanskilningi á þessu verður að leita að undirrót erfiðleikanna á útjaðri sköpunarverksins. Hin algenga hugmynd, að hinar ófullkomnu verur sem hjer á útjaðri fyrst ná fram til vits, eigi fyrir sjer að hverfa eftir dauðann í guðdóminn og tapa einstaklingseðli sínu, er alröng, ekki síður en sú ímyndun, að með dauðanum hjer, sje alveg sagt skilið við efnisheiminn. Hjer á útjaðri verður hin ófullkomna vítvera að byrja að taka hina rjettu stefnu til að verða guð. Hjer verður hún að byrja að sigrast á erfiðleikum efnisins, eins og Platón hefir þegar tekið fram í hinni aðdánlegu sköpunarsögu er hann segir oss í riti því er heitir Timaios. Hjer á útjaðri verðum vjer hinir ófullkomnu, að ná þeim þroska, að vjer getum farið að þiggja hjálp guðanna, og annara þeirra er oss eru ofar á hinum mikla framvindustiga sköpunarverksins. En án þeirrar hjálpar, án miklu fullkomnari samstillingar við hin æðri tilverustig en nú á sjer stað, verður hinn mikli sigur ekki unninn, sá fagri sigur, að lífið verði sífeld framför og fáí aldrei framar að reyna ellihörnun og dauða. Og undirstöðusetning hinnar góðu lífernissfræði, er stutt og einföld. Alt hið illa sem menn gera, gera þeir sinni eigin framtíð. Og sama er vitanlega að segja um það sem vel er gert. Ekkert annað en fullkominn skilningur á þessu undirstöðulögmáli getur orðið mönnunum nægileg hvöt til þess að gera sjer alt far um að breyta rjett.

Úr Framnýal.